

8. mars 1985

245

Nr. 127

## REGLUGERÐ

### um greiðslu barnabóta á árinu 1985 o. fl.

#### 1. gr.

Peir gjaldendur sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta, þ. m. t. barnabóta-  
auka skv. lögum nr. 128/1984, til útborgunar við álagningu skatta árið 1985 geta sótt um að  
fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1985 að uppfylltum skilyrðum 2.  
mgr. þessarar greinar.

Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra sem vænta má að eigi meira en 27 500 kr.  
eftir af barnabótum sínum vegna ársins 1984 þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir  
gjaldárið 1985 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981. Framangreint lágmark gildir  
sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að útborgun til þeirra fer því  
aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja verði a. m. k. hærri en  
ofangreind fjárhæð þegar þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3.  
mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 hafa verið dregin frá.

Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir helmingi af umræddri fjárhæð  
kemur ekki til útborgunar fyrirfram.

#### 2. gr.

Peir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í  
umdæmi sínu.

Ef um er að ræða sambýlisfólk sem rétt hefur til samsköttunar skulu báðir sambýlisaðil-  
ar undirrita umsókn.

Umsóknarfrestur er til 30. mars 1985.

#### 3. gr.

Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til  
útborgunar á barnabótum árið 1985. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað  
en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast  
útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. gr. og að  
umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri  
árum.

#### 4. gr.

Útborgun fyrirframgreiddra barnabóta samkvæmt 1.—3. gr. fer fram í apríl/maí 1985.

Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á  
árinu 1985 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem

B 22

þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur barnabætur fyrirframgreiddar, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum þegar að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

5. gr.

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 1.—4. gr. skal skipt í fimm sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar á fyrstu 15 dögum hvers mánaðar frá ágúst til desember 1985. Þó skal útborgun barnabóta ekki hefjast fyrir en álagningu á einstaklinga í viðkomandi umdæmi er lokið.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 5 000 kr. skal þeim skipt niður á færri en fimm útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 2 000 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 1 000 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

6. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta persónuafsláttar og barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1985 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv. og 20. des. 1985 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t. d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1985.*

F. h. r. .  
**Höskuldur Jónsson.**

\_\_\_\_\_  
*Lárus Ögmundsson.*